Alþjóðlegt samstarf sem drifkraftur nýsköpunar í hjúkrunarmenntun

Ég ætla að kynna rannsókn þar sem ég aflaði gagna frá nemendum frá þremur löndum sem tóku þátt í alþjóðlegu námskeiði um heilsufarsmat og hermikennslu. Samstarfið er á milli þriggja háskóla, Rauða kross háskólans í Lissabon í Portúgal, Háskólans á Akureyri (HA) og University of South-Eastern í Noregi. Haustið 2025 fóru hjúkrunarnemar og kennarar frá Portúgal og Íslandi til Drammen í Noregi en það var í fyrsta skipti sem haldið var samskonar námskeið. Hluti af námskeiðinu var vefnám og var fyrra vefnámi haldið var 21. og 22.september. Þann 28.september til 2.október 2026 heimsóttu norðmenn og Íslendingar Portúgal í staðarlotu. Þar var kennsla á hugbúnað sem kallast Body Interact en hægt er að kenna hermikennslu í gegnum netið og í staðarnámi en einnig geta nemendur hlaðið hugbúnaðinum niður í sínar eigin tölvur og síma. Alls tóku þátt 28 hjúkrunarnemar ásamt kennurum frá ofangreindum þremur löndum. Nemendur fengu einnig kennslu í heilsufarsmati og voru 20 portúgalskir eldri borgarar sem leyfðu hjúkrunarnemum að æfa sig í heilsufarsmati. Seinna vefnámskeiðið verður haldið þann 12. október en þá kynna nemendur verkefni sín. Námskeiðið er 4 ECTS einingar og er metið sem valnámskeið. Námskeiðið er styrkt af Erasmus+. Kennt verður á ensku og er námsumhverfið á Google Classroom. Haustið 2027 munu Portúgalar og Norðmenn heimsækja Ísland og HA.

Sem háskólakennari í hjúkrunarfræði og hermikennslu vinn ég á sviði þar sem þekking, tækni og kennsluhættir eru í stöðugri þróun. Alþjóðlegt samstarf gefur mér tækifæri til að læra með öðrum, skoða eigin kennslu í nýju ljósi og fá hugmyndir sem ég get síðan metið og aðlagað að mínu eigin kennsluumhverfi. Í þessu erindi ætla ég að fjalla um hvaða ávinning slíkt samstarf getur haft fyrir kennara, nemendur og þróun hermikennslu.

Ég hef ekki klárað að vinna úr gögnunum en mun kynna frumniðurstöður.